

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 24.10.2022
Málsnúmer: 202209-0024
IAS

Efni: Umsögn vegna tilkynningu um áframhaldandi efnistöku við Almannaskarð.

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 29. september 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, um tilkynningu um fyrirhugað framhald efnistöku úr námu við gamla veginn yfir Almannaskarð, í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér greinagerðina með tilkynningunni og telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar. Hins vegar er allt of lítið gert úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og eru fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir óljósar, ásamt því að ólíklegt er að þær dugi til að draga úr umhverfisáhrifum.

Almennt er efnistaka úr skriðum óæskileg þar sem hún getur haft veruleg sjónræn áhrif í landslagi og verið til mikilla lýta á umhverfinu. Forðast ætti efnistöku úr skriðum eins og kostur er og alls ekki vera með námur í skriðum á áberandi stöðum í fallegu landslagi. Sérstaklega er varhugavert að fara með námur djúpt inn í skriðufótinn þar sem það raskar jafnvægi skriðunnar og getur valdið hruni, ekki bara úr efri hluta skriðunnar heldur líka úr klettum fyrir ofan þar sem stuðningur við þá minnkar.

Nú þegar hafa verið unnir 200 til 250 þúsund m³ úr námunni í Almannaskarði og er hún á vef um efnistöku og frágang, sem settur var upp í samstarfi Vegagerðarinnar, Landsvirkjunar og Umhverfisstofnunar, tekin sem dæmi um námu í skriðu í fallegu umhverfi sem mjög mikil lýti er af og nær ómögulegt sé að ganga frá svo vel fari (<https://www.namur.is/undirbuningur/efnistaka-ur-skridum/>).

Áætlað er að taka um 400 þúsund m³ af efni til viðbótar á næstu 20 árum og að við frágang á svæðinu er reiknað með að kantar námunnar verði jafnaðir í fláa. Ef af verður mun því náman halda áfram að vera verulegt lýti á landslagi í að minnsta kosti næstu 20 ár og líklega um ókomna framtíð.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að hætta eigi efnistöku á þessum stað nú þegar og fara í að ganga frá námunni þannig að sómi sé að.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

